

Suðurlandsdeildin er farin af stað

Ljóð Byko sigraði Parafimi Viking Brugghús og Coca-Cola í fyrstu grein Suðurlandsdeildarinnar 2022. 56 knapar voru skráðir til leiks sem ötlu kappi í 28 pörum. Hvert par skipað einum áhugamanna og einum atvinnumannni. Sjaldan eða aldrei hefur keppti í Parafimi verið jafn

sterk. Atriðin voru vel undirbúin og sýningarnar frábærar.

Pau Elin Holst og Sævar Örn Sigurvinsson leiddu eftir forkeppni og liðsfélagar þeirra úr liði Byko þar rétt á eftir. Það fór svo að liðsfélagar þeirra Brynja Amble og Árni Sigfús Birgisson skákuðu þeim og sigrúðu

Parafimi 2022 með frábæra sýningu. Lið Byko var því í 1. og 2. sæti og leiðir því liðakeppnina eftir fyrstu grein!

Næsta grein er Fjórgangur ZO-ON þriðjudaginn 15. mars. Hægt er að fylgjast með á Facebook-síðu Suðurlandsdeildarinnar.



Lið Byko f.v. Maiju Maaria Varis, Árni Sigfús Birgisson, Brynja Amble Gísladóttir, Elin Holst og Sævar Örn Sigurvinsson en einnig er Herdís Rútsdóttir í liðinu.



Aldrei borist jafn margar vandaðar smásögur og nú

Fimmtudaginn 3. mars sl. voru verðlaun veitt í ensku smásagnakeppninni 2021 sem félög ensku kennara á Íslandi (FEKI) heldur í tilefni af evrópska tungumáladeginum þann 26. september. Grunnskólinn í Hveragerði hefur tekið þátt í landskeppninni samfellt frá árinu 2012 með afbragðs góðum árangri enda er sögugerðin fastur liður í skólastarfinu. Að þessu sinni átti grunnskólinn fjóra vinningshafa sem fengu viðurkenningar sínar afhentar við hátíðlega athöfn að Bessastöðum, þar sem forseta-

frúin Eliza Reid afhenti verðlaunin ásamt stjórn FEKI. Aldrei hefur borist jafn margar vandaðar smásögur og nú.

Í floknum 5. bekkur og yngri hlaut Hróar Ingi Hallsson 1. verðlaun og í floknum 6.-7. bekkur hlaut Bryndís Klara Árnadóttir 3. verðlaun, Sigurður Grétar Gunnarsson hlaut 2. verðlaun og Dagbjört Fanný Stefánsdóttir hlaut 1. verðlaun. Við óskum verðlauna-höfunum innilega til hamingju með árangurinn.

Kveðja og þakklæti frá HSU

Á þessum tímamótum sendum við innilegar þakkir til forvarsmana Krónunnar-Rúmfatalagersins (Festis hf.) og Lögmanna Suðurlandi fyrir langlundargeð og þolinmæði fyrir afnot HSU af „Krónukjallaranum“ allan þennan tíma sem sýnatökur hafa staðið yfir. Allir hagsmunaaðilar í húsinu og Heimir Hjaltason húsvörður fá innilegar þakkir

fyrir hjálpinu og umburðalynnid.

Jóni V. Albertssyni í Laskaþökkum við einnig sérstaklega fyrir lán á gámi.

Byko sendum við einnig góðar þakkir fyrir lán á grindunum.

Miklar umferðartafir urðu oft og langar bílaraðir mynduðust. Lögreglan á Selfossi fær miklar þakkir fyrir aðstoðina

við að stýra umferðinni og greiða úr flækjum. Öllum íbúum í nágrenninu þökkum við langlundargeðið og þolinmæðina, sem og Hótel Selfossi og öðrum fyrirtækjum sem þurftu að umbera þessar bílaraðir og truflanir á þjónustu.

Selfosskirkja, Fjölbautaskóli Suðurlands, Vallaskóli, Brunavarnir Árnессýslu, Pingborg í Flóahreppi, Rauði kross-

inn í Rangárþingi, Lögreglan í Rangárþingi, Rangárþing ytra, Ráðhús Þorlákshafnar og Golf-skálinn á Selfossi lánuðu að not af húsnæði til sýnatoku og bólusetninga eða komu að því að aðstoða heilbrigðisstofnunina á einn eða annan hátt. Fá allir sem veitt hafa aðstoð okkar bestu þakkir.

Öllum aðilum sem að þessu verkefni komu verður seint



fullþakkað og ómetanlegt að finna þann góða samhug sem bjó að baki. Allir voru boðnir og búnir að aðstoða þegar á reyndi.

Virðingarfyllst,
framkvæmdastjórn HSU

Fáðu fagmann í verkið

PÍPULAGNIR
HELGA

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



Toyota
Selfossi

FRAMÚRSKARANDI
ÞJÓNUSTA

VIÐ TOYOTA EIGENDUR Á SUÐURLANDI



TOYOTA SELFOSSI
Fossnesi 14, Selfossi,
Sími: 480 8000, toyotaselfossi.is



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsia@keyrsia.is - www.keyrsia.is - [f /keyrsia.is](#)



Leikskólakennari óskast



Leikskólinn Leikholt óskar eftir að ráða leikskólakennara í tvær stöður, annars vegar 100% staða (tímacundin ráðning) og hins vegar 60% staða (framtíðarráðning). Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að taka þátt og leiða áfram gott faglegt starf í skólanum.

Menntun og hæfniskröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Góð íslensku kunnáttu
- Áhugi, reynsla og hæfni í starfi með börnum.
- Góðir skipulagshæfileikar og stundvísí.
- Góð færni í mannlegum samskiptum
- Færni til að tjá sig í ræðu og riti

Meginverkefni:

- Vinnur samkvæmt starfslýsingu leikskólakennara að uppeldi og menntun leikskólabarna.

Í Leikholti er 41 barn á aldrinum 1 árs til 6 ára og stefnir í 44 eftir áramót. Í Leikholti vinna metnaðarfullir og faglegir starfsmenn og þar ríkir góður vinnuandi. Við leggjum áherslu á félagsfærni þjálfun, mikla málörvun, læsi og kennslu í gegnum leikinn. Leikholt er þátttakandi í vináttuverkefninu Barnaheilla og er umhverfisvænn leikskóli. Einkunnarorð leikskólans eru: **Gleði, vinsemð og virðing.**

Frekari upplýsingar veitir Elín Anna Lárusdóttir leikskólastjóri sími 895-2995 og áhugasamir geta sent umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið leikholt@leikholt.is.

Ef ekki fæst leikskólakennari verður ráðinn starfsmaður með aðra uppeldismenntun eða leiðbeinandi. Starfið hentar öllum óháð kyni og launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launa-nefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. **Umsóknarfrestur er til og með 16. mars 2022, en æskilegt er að geta hafið störf sem fyrst.**

Leikskólinn Leikholt er staðsettur í Brautarholti í Skeiða- og Gnúþverjahreppi, sem er um 20 mínakstur frá Selfossi.

Árborg okkar allra



sé eftirsóknarverður staður til að búa á. Stjórnendur þurfa að sýna festu, hafa hugrekki og heiðarleika þegar kemur að ráðdeild í fjármálum. Við þurfum að geta tekið á málum og vegið og metið það sem er mikilvægst til framtíðar, forgangsröðun fjárfestinga sveitarfélagsins verður að vera fyrirsjáanleg.

Vaxandi samfélag

Í Árborg eru starfræktir fjölmargir leik- og grunnskólar af miklum metnaði. Hér höfum við Háskólastetur þá er framhaldsskólinn sömuleiðis metnaðarfullur en auc hinna hefðbundnu stúdentsbrauta eru í boði Íþróttakademíur, fjölbreytt og oflægt verknám sem og hestabraut. Árborg á að vera leiðandi í skólamálum á öllum skólastigum. Að vera leiðandi krefst hugrekis og skyrrar sýnar. Það er því mikilvægt að vera bæði framsýn og hafa ákveðna stefnu þegar kemur að uppbyggingu og aðlögun grunnpjónustu í nýjum og vaxandi hverfum sem og þeim íbúakjörnum sem fyrir eru eins og á Eyrarbakka og Stokkseyri. Leikskólinn er dýrmt grunnstoð fjölskyldufólks sem og allur grunnskólinn. Að tryggja góða leik- og grunnskóla skiptir sköpum þegar kemur að samkeppnishæfni sveitarfélaga.

Ábyrgur rekstur

Velferð íbúa skiptir mig miklu máli en ég tel að ábyrgur og skilvirkur rekstur sveitarfélagsins sé forsenda þess að það megi vaxa og dafna áfram. Skilvirkur rekstur er forsenda þess að sveitarfélag geti veitt þá grunnpjónustu sem íbúar þess hafa þörf fyrir um leið og leita þarf allra leiða til að stilla álögum og gjöldum á íbúa og fyrirtæki í hóf.

Þegar kemur að því að styrkja tekjustofna sveitarfélagsins þurfum við að laða að okkur fjölbreyta atvinnustarfsemi og auka um leið atvinnumöguleika íbúa. Því er gríðarlega mikilvægt að innviðir sveitarfélagsins, heitt og kalt vatn ásamt fráveitumálum standi undir þeiri uppbyggingu.

Árborg eftirsóknarverður

staður til að búa á

Sveitarfélag þarf að hafa skýra stefnu og framtíðarsýn til að það

mál eru ábyrgur rekstur, traustir innviðir og stafræn stjórnsýsla en stafræn umbreyting er að taka við af rafrænni stjórnsýslu. Ég vill leggja áherslu á störf án staðsetningar en þannig má efla svæðið og gera atvinnulífið fjölbreyttara. Ég vil vinna af festu í velferðarmálum, skólamálum, íþróttamálum, samgöngumálum og umhverfismálum auk þess sem ég tel mikilvægt að hlúa að málefnum okkar eldri og reyndari.

Sjálf by ég yfir viðtækri reynslu úr atvinnulífinu. Starf- aði tæp 7 ár í Landsbankanum á Selfossi, síðast sem viðskiptastjóri á fyrirtækjasviði. Áður vann ég á velferðarsviði í Ráðhúsi Árborgar og sá um fjárhagsaðstoð sveitarfélagsins. Í dag kenni ég námskeiðið Velferð í fjármálum við Fræðslunet Suðurlands ásamt því að sinna öðrum verkefnum tengdum kennslu.

Ég er gift Snorra Sigurðarsyni fasteignasala og saman eignum við þrjú börn tengdadóttur og eitt barnabarn. Ég hef tekið virkan þátt í sjálfboðavinnu á svíði íþróttar sem og annarra trúnaðarstarfa í samfélagini. Ég hef lokið margvíslegri menntun meðal annars iðnimenntun, er vottaður fjármálaráðgjafi, Bsc í viðskiptafræði, kennsluréttindi á meistarastigi og með MBA gráðu frá Háskóla Íslands.

Ég óska eftir þínum stuðningi í 1. sætið 19. mars

Nú stytist í prófkjör Sjálfstæðisflokkssins þar sem fjöldi frambærilegs fólks býður fram krafta sína. Fólk á öllum aldri jafnt konur sem karlar, reynsluboltar og nýgræðingar því vil ég hvetja alla til að taka þátt þann 19. mars næstkomandi og hafa þannig sein áhrif.

Ég heiti Fjóla Kristinsdóttir og gef kost á mér í 1. sæti prófkjörs Sjálfstæðisflokkssins í Árborg þann 19. mars

VANTAR ÞIG HEYRNARTÆKI?

Nýju MORE heyrnartækin eru þjálfuð til að þekkja hljóð. Innbyggjt djúptauganet skilar einstaklega nákvæmri hljóðvinnslu og skýrum hljómgæðum.

Árni Hafstað heyrnartærðingur hjá Heyrnartækni verður á **Selfossi 18. mars** við heyrnarmælingar, ráðgjöf og sölu heyrnartækja.



Tímabókanir í síma 568 6880

Heyrnartækni | 20 ára

Glæsibæ | Reykjavík | Landsbyggðapjónusta | Heyrnartækni.is | 568 6880

Straumhvörf að verða í fráveitumálum í Svf. Árborg – seinni hluti



skránni þar sem rakin var saga og staða fráveitumála á Selfossi í fortíð, nútíð og til framtíðar. Hér á eftir verður farið yfir stöðu fráveitumála í öðrum byggðarkjörnum sveitarfélagsins og í dreifbýlinu þar sem framtíðarlausnir í fráveitumálum verða kynntar.

Fráveitan á Eyrarbakka og Stokkseyri

Fráveitukerfin á Eyrarbakka og Stokkseyri eru að mestum hluta blandkerfi, þ.e. skólp og regnvatn saman í einni lögn. Skólpið rennur á báðum stöðum óhreinsað út í sjó. Árið 2020 var Efla verkfræðistofa fengin til að gera úttekt á ástandi fráveitukerfanna og vinna aðgerðaráætlun fyrir Mannvirkja- og umhverfissvið ásamt með tillögum til úrbóta og kostnaðaráætlun aðgerða.

Á Eyrarbakka eru lagnirnar allt að 70 ára gamlar og rennur skólpið um 7 útrásir út í sjó. Fráveitukerfið á Stokkseyri er

aðeins yngra eða allt að 60 ára gamalt og rennur um 4 útrásir út í sjó. Mestur hluti þessara lagna er kominn á tíma hvað lífaldur og almennt ástand varðar. Aðeins í nýjustu götunum á báðum stöðum þar sem er tvöfalt kerfi er hægt að segja að ástandið sé viðunandi. Í úttekt Eflu kemur fram að það sé orðið mjög aðkallandi að bæta ástand kerfisins og setja upp hreinsun á báðum stöðum. Nefndir voru nokkrir möguleikar í því sambandi. Kostnaðurinn getur ef farið er í dýrustu lausnirnar hlaupið á rúmlega fimm milljörðum króna samanlagt fyrir báða staði.

Pess ber þó að geta að ástand fráveitukerfanna á Eyrarbakka og Stokkseyri er mismunandi og því ekki endilega einn og sami möguleikinn sem hentar á báðum stöðum. Einnig getur blanda af möguleikum fyrir mismunandi svæði reynst hagkvæmust og auðveldust í framkvæmd.

Frá því að úttektin var gerð

hefur einnig verið unnið að því að skoða aðrar lausnir. Ein lausnir felst í því að notast við fleiri minni hreinsistöðvar sem hægt er tengja við númerandi fráveitukerfi þannig að skólpið fari fullhreinsað í kerfið og þaðan út í sjó. Það bendir ýmislegt til þess að su leið sé hreinlega besti kosturinn og sá ódýrasti. Með vorinu er stefnan sú að setja upp minni lífrænar hreinsistöðvar upp á báðum stöðum til próunar.

Fráveitan í dreifbýlinu

Staðan á fráveitumálum í dreifbýlinu er mjög mismunandi og ekki að fullu kunn þar sem að hingað til hefur það verið á ábyrgð húseigenda sjálfra að annast um þau kerfi og viðhalda. Vinna er nú farin af stað við að breyta fráveitusampykkt sveitarfélagsins á þann hátt að til framtíðar muni sveitarfélagið sjálft sjá til þess að rotþrær og hreinsistöðvar í dreifbýlinu verði tæmdar með regluglegum hætti líkt og er venjan í flestum sveitarfélögum landsins. Með því fæst einnig virkara eftirlit með ástandi fráveitunnar í dreifbýlinu. Til framtíðar mun þróunin líklegast verða sú í dreifbýlinu að húseigendur muni færa sig smátt og smátt úr hinni hefðbundnu lausn Rotþró/siturlögn yfir í lífrænar hreinsistöðvar þar sem að mismunur

á kostnaði lausnanna er nánast enginn í dag, einnig vegna þess að lífrænu hreinsistöðvarnar eru um margt einfaldari í framkvæmd og rekstri.

Staða fráveitukerfa í Svf. Árborg og framtíðarhorfur


Lengi hefur verið unnið að því að koma fráveitukerfum sveitarfélagsins í viðunandi horf. Á Selfossi hefur verkefnið sem dæmi tekið rúm 40 ár og verið afar kostnaðarsamt í framkvæmd. Nú hyllir undir að ný byltingarkennd hreinsistöð á Selfossi fari í framkvæmd með vorinu eftir áralangan undirbúnning. Hreinsistöð sem eftirvæntingarfull augu „fráveituheimsins“ á Íslandi beinast nú að. Áfram verður unnið að endurnýjun lagna í eldri hverfum byggðarkjarnanna og lagnakerfin þar aðskilin í regnvats- og skóplagnir í stað blandaðs kerfis.

Af framansögdum má sjá að straumhvörf eru að verða í fráveitumálum í Svf. Árborg og að það stytтиst í að sveitarfélagið verði í fremstu röð og til fyrirmynadar í fráveitulausnum á landsvísu.

Höfundur er Tómas Ellert Tómasson, byggingarverkfræðingur, bæjarfulltrúi M-listans í Svf. Árborg, formaður bæjarráðs og formaður eigna- og veitunefndar.

Á stand fráveitumála í Svf. Árborg hefur í langa tíð verið óviðunandi. Staðan hér er þó ekkert einsdæmi ef borð er saman við ástand fráveitumála almennt á landinu öllu. Þó ástand fráveitumála sé ekki og hafi ekki verið viðunandi í sveitarféluginu fram til þessa, að þá er ekki þar með sagt að ekki hafi verið unnið að úrbótum í fráveitumálum sveitarfélagsins undanfarin ár og áratugi.

Pann 22. desember sl. birtist fyrri hluti greinarinnar í Dag-



STARFSFÓLK ÓSKAST Á SELFOSSI

BÍLSTJÓRI Í DAGVINNU

Um er að ræða fullt dagvinnustarf við útkeyrslu á sendingum á þjónustusvæði póstsins á Selfossi. Vinnutíminn er á bilinu 07:00 til 15:15, alla virka daga.

STARFSMAÐUR Á PÓSTHÚSI

Um er að ræða fullt starf sem felur m.a. í sér þjónustu við viðskiptavini, almenna afgreiðslu, frágang á pósti, akstur og önnur tilfallandi verkefni. Vinnutíminn er á bilinu 09:00 til 17:00, alla virka daga.

Umsóknarfrestur er til og með **16. mars 2022**. Sótt er um störfirn á umsóknarvef Póstsins, www.posturinn.is/atvinna. Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðrún Hulda Waage, stöðvarstjóri, í netfanginu gudrunhw@postur.is.



Fyrirsjáanleiki og framtíðarsýn í menntamálum

Fjölbautaskóli Suðurlands (FSU) var stofnaður árið 1981. Það má vafalaust búa til dálk í Excel sem kemst að þeirri niðurstöðu að skólinn sé ekki hagkvæm rekstrareining. Við vitum þó vel að skólinn og allt sem hann leggur til er ómetanlegt. Án hans viljum við ekki byggja okkar samfélags. Við viljum efla hann og styrkjá hvað sem Excel segir. Með framtíðarsýn og fyrirsjáanleika hefur FSU eflst ár frá ári.

Háskólafelag Suðurlands var formlega stofnað í desember 2007. Þar höfðu stofnaðilar meðal annars þá framtíðarsýn að tryggja þyrti betur aðgengi Sunnlendinga á háskólamenntun. Með fyrirsjáanleika og framtíðarsýn hefur Háskólafelagið byggst upp og verið óflugur stuðningur við þá sem stunda háskólanám. Háskólafelagið hefur þróast í almenna uppyggingu þekkingasamfélags og er nýjasta viðbótin opnun á frumkvöölasetri. Með framtíðarsýn og fyrirsjáanleika hefur Háskólafelagið náð árangri.

Fraðslunetið var stofnað árið 1999 og hefur vaxið mjög á starfstíma sínum og hefur í dag starfsstöðvar á fimm stöðum á Suðurlandi. Með fyrirsjáanleika og framtíðarsýn hefur Fraðslunetið orðið leiðandi í símenntun með fjölbreyttu námsframboði.

Menntastofnanir eru grunn-

stoð hvers samfélags og öll skólastig eru mikilvæg. Sveitarfélagið Árborg á að leggja sig fram um að efla alla menntun í sveitarfélagini. Sveitarfélagið á m.a. að leggjast á árar með forsvarmönnum FSU í að sækja fé til að bæta enn frekar húsa-kost iðnnáms og að efla það enn frekar.

Barnaskólahús var reist á Selfossi árið 1932 við Sigtún. Árið 1944 er hafin bygging Sandvíkurskóla. Með framtíðarsýn og fyrirsjáanleika var haldið áfram að byggja upp grunnskóla á Selfossi.

Barnaskólinn á Eyrarbakka var stofnaður árið 1852. Með framtíðarsýn og fyrirsjáanleika er sá skóli elsti starfandi grunn-skóli á Íslandi. Sú framtíðarsýn og fyrirsjáanleiki sem skólinn bjó við í rétt um 150 ár, hefur verið frá honum tekin.

Það þarf að staðfesta þá samfélagslegu ákvörðun að það séu ávallt starfandi leik- og grunn-skólar í öllum þremur byggðum í Árborg, þ.e. á Selfossi, á Eyrarbakka og á Stokkseyri. Þessi ákvörðun er ekki dálkur í Excel. Þessi ákvörðun er einfaldlega staðfesting á því að skóli er grunnstoð hvers samfélags.

Það þarf að greiða úr þeim mikla vanda sem nú er í grunn-skólamálum á Selfossi. Það þarf að fá sjálfstætt starfandi skóla,



Guðmundur Árman

bæði grunn- og leikskóla til að hefja starfsemi í sveitarfélagini. Það þarf að vera samræmi á milli íbúafjölgunar og uppyggingsar á leik- og grunn-skólam. Það þarf að veita frelsi og stuðning þannig að skólasamfélagið geti verið sem mest skapandi. Það þarf að tryggja að skólasamfélagið geti farið nýjar leiðir, geti markað sér sérstöðu og nýtt sem best alla þá styrkleika sem finnast innan leik- og grunnskóla í Árborg.

Ábyrgð sveitarfélagsins er mikil þegar kemur að leik- og grunnskólam. Þar skortir því miður bæði fyrirsjáanleika og framtíðarsýn.

Höfundur sækist eftir 2. sæti á lista í prófkjöri Sjálfstæðisflokkssins.

Gerum gott sveitarfélag enn betra

Framundan er prófkjör Framsóknarflokksins í Árborg fyrir sveitarstjórnarkosningar í vor. Æg sækist eftir að leiða lista flokksins og óska eftir stuðningi í 1. sæti listans.

Ég hef verið bæjarfulltrúi sl. 12 ár og þar af í meiri hlutasamstarfi fjölgurra framboða á núverandi kjörtímabili og á þeim tíma verið forseti bæjarstjórnar. Mörgum finnst kannski að nóg sé komið og túmi kominn til að hætta. En á þessum tíma hef ég öðlast mikla reynslu og sérstaklega á núverandi kjörtímabili hef ég sett mig enn betur inní mállefni sveitarfélagsins til að móta framtíðarsýn og áætlanir þess. Mikil uppyggung hefur átt sér stað á skömmum tíma til að bregðast við gríðarlegri fólkfjölgun og sér ekki fyrir endann á henni. Æg sækist eftir að fá stuðning til að halda áfram og klára mörg góð verkefni sem byrjað hefur verið á, og búa til enn betri framtíðarsýn fyrir sveitarfélagið og íbúa þess.

Það er mikil áskorun að stýra sveitarfélagi í svona gríðarlegum vexti og bregðast við nýjum áskorunum á hverjum degi. Það er líka kostnaðarsamt og ljóst að tímabundið hefur þurft að auka lántökur og langtímaskuldur til þess að halda uppi þjónustu-

stigi við íbúana. En allar áætlanir sýna, að á komandi árum munu fjármálin leita jafnvægis og reksturinn verði sjálfbærari eftir mikla uppyggingu á svo skömmum tíma og möguleikar að lækka álögur á íbúa þess.

Skipulag til framtíðar.

Leykilatriðin til framtíðar er að gera 5-10 ára plan varðandi uppyggingu innviða, hefja strax undibúning og vera með aðgerðaplan tilbúið tímanlega. Bjóða verkefnin út og gefa sem lengstan byggingar- og framkvæmdatíma, þannig að bestu verðin fái. Dýrast er að þurfa að gera allt í einu, á nýjög skömmum tíma. Stöðugt þarf að leita að nýjum virkjana-svæðum fyrir kalt og heitt vatn, skipuleggja framtíðar byggingaland og þróun byggðar, uppyggingu atvinnusvæða og leita leiða til nýrra atvinnutækifæra og nýsköpunar.

Sveitarfélagið er fjölkjarna sveitarfélag, samsett úr þremur þéttbýliskjörnum og dreifbýli þar á milli og aldrei má gleyma að við erum eitt sveitarfélag sem býður uppá fjölbreyttu búsetumöguleika og öll uppyggung þarf að miðast við að þjónum öllum íbúum Sveitarfélagsins Árborgar.



Helgi Sigurður Haraldsson, frambjóðandi í prófkjöri Framsóknarflokksins í Árborg.



Ég vil þakka Gunna vini mínum kærlega fyrir áskorunina. Líkt og Gunnar dreg ég upp uppskrift úr bókum betri helningsins að öðrum kosti væri þetta heldur ómerkilegur pistill. Frúin fær þó iðulega aðstoð mína við eldamennskuna en við grillið er ég einmitt best geymdur og þó ég segi sjálfur frá þá geisla ég af gleði og hamingju þegar ég fæ að fíra upp í kolunum.



Hlynur Friðfinnsson
er Matgæðingurinn þessa viku

Rækjuspjötin eru því næst pensluð með mareneringunni og skellt á grillið 1-2 mín á hvorri hlið.

Spjótin eru svo toppuð með ferskum kóríander og borin fram með góðu salati og hvítlaubabrauði.

Þeir sem mig þekkja vita að ég er vínaður mikill og vil mæla með að para þetta með Pouilly-Fuissé hvítvíní – toppurinn!

Kryddið með salti og pipar.

Ferskur ananas skorinn í bita og þráett uppá teina til skiptis við risarækjur.

Í eftirrétt er crème brulée en ég er ennþá að leita eftir hinni fullkomnu uppskrift...

Að lokum vil ég skora á fjölhæfu vinkonu mína og ananas lover hana **Helgu Guðrúnú** en hún hefur marg oft sýnt frá eldamennsku sinni á Instagram. Yfir til þín Holy

Matgæðingar eru beðnir að senda á dfs@dfs.is

uppskrift ásamt mynd af sér eigi síðar en á sunnudegi.

Jón Ingi sýnir fuglamyndir í Gallerý Listaseli á Selfossi



Jón Ingi Sigurmundsson opnaði sýningu í Gallerý Listaseli í Brúarstræti 1, í nýja miðbænum á Selfossi, þriðjudaginn 1. mars.

Pemað á þessari sýningu eru fuglar og eru allar myndirnar vatnslitamyndir.

Sýningin standur út mars-mánuð.

Gallerýið er opið frá kl. 12.00 – 18.00 þriðjudaga til laugardags en frá kl 12.00 -16.00 á sunnudögum

Gáta vikunnar

Vísagátur-höf:
Árman Dalmannsson
Útg. Bókaútgáfan SKRUDDA

Forysta mér falin er í félagsvistum.

Eimskipin ég fram þvinga.

Ég er vanur mold að stinga.

Svar við gátu í blaði 2639: BAUKUR

1. Kaffibaukur - 2. Tóbaksbaukur

3. Sparibaukur



The image features a middle-aged man with a well-groomed grey beard and short hair, wearing a red Nike headband and a light blue polo shirt. He is holding a yellow tennis ball in his right hand and a tennis racket over his shoulder with his left hand. He is smiling warmly at the camera. In the lower-left foreground, a white smartphone is held vertically, displaying the 'Ökuvísisir' app interface. The app shows a blue car icon, a green progress bar with the number '98', and other small icons. A red button at the bottom of the phone screen says 'Ferðastigur'. The background is a solid bright green.

**„Ég spara
4 mánuði í
 bílatryggingar
á ári!“**

Nánar á vis.is

Endurhæfing Krabbameinsgreindra



Krabbameinsfélag Árnessýslu býður uppá endurhæfingu fyrir krabbameinsgreinda. Endurhæfingin tekur til andlegra, líkamlegra og félagslegra þátta þar sem allir vinna á sinum hraða og á eigin forsendum. Endurhæfingin fer fram fjórum sinnum í viku og er lagt upp með átta vikna prógrannm hverju sinni. Lögð er áhersla á að mæta þörfum hvers og eins eftir bestu mögulegri getu. Utanumhald úrræðisins er í höndum Margrétar Steinunnar kennara og sálgæti.

Næsta átta vikna prógrannm hefst **14. mars 2022**. Skráning og frekari upplýsingar eru hjá Margréti á netfanginu msg14@hi.is eða hjá Svanhildi í síma 892 3171 eftir kl. 16:00 á daginn. Verkefnið er styrkt af **Kvenfélögum Flóahrepps** og **Velunnarasjóði Krabbameinsfélags Íslands**



Útboð

Bláskógbabyggð óskar eftir tilboðum í verkið:

Laugarvatn-Traustatún

Verklok eru 15.11.2022

Verkið felur í sér gerð hluta af nýrri götu, Traustatúni á Laugarvatni, Bláskógbabyggð.

Verktaki skal jarðvegsskipta götustæðum samkvæmt kenni-sniðum og leggja styrktarlag. Verktaki skal einnig leggja fráveitu, vatnsveitu, hitaveitu, reisa ljósastaura, leggja ljósastaurastreng og ýmist leggja eða aðstoða við lagningu annra veitulagna.

Helstu magntölur eru:

Gröftur	3.900 m ³
Styrktarlag og fylling	
í lagnaskurði	5.600 m ³
Fráveitulagnir	786 m
Vatnsveitulagnir	355 m
Ljósastaurar	16 stk
Hitaveitulagnir	439 m

Útboðsgögn verða afhent á rafrænu formi frá og með þriðju-deginum 8. mars 2022. Þeir sem hyggjast gera tilboð í verkið skulu hafa samband við Sigrúnu hjá Eflu Suðurlandi með því að senda tölvupóst á netfangið sru@efla.is og gefa upp nafn, heimilisfang, síma og netfang og fá í kjölfarið útboðsgögnin send í tölvupósti.

Tilboðum skal skila til skrifstofu Bláskógbabyggðar, Reykholti 806 Selfossi, fyrir kl. 11:00 miðvikudaginn 23. mars og verða þau opnuð þar að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

F.h. Bláskógbabyggðar
Kristófer Tómasson svíðsstjóri
framkvæmda- og veitusviðs.

Bómullargladðningur



Við fitjuðum upp 88 l á prjóna nr 4,0 (garnið er gefið upp á prjóna 3-3,5 en við vildum hafa stykkið svolítið loftkennt og létt og voldum því örflitið stærri prjóna).

Svo fer það eftir hvað þú vilt hafa stykkið langt hversu margar dokkur þú þarf. Stykk-ið okkar mælist ca 120 sm og í það fóru 3 dokkur. Ef þú vilt gera nett handklæði þá ætti ein dokka að duga.

Uppskrift:

Fitjið upp 88 lykkjur og prjónið garðaprjón alls 10 umferðir (5 garðar).

Prjónið þá áfram mynurstaprjón þar til stykkið nær óskaðri lengd.

Athugið að fyrstu 6 l og síðustu 6 l eru alltaf garðaprjón, þ.e. prjónaðar sléttar í öllum umferðum. Við mælum auk þess með því að fyrsta lykkja hvorrar umferðar sé tekin óprjónuð til að mynda fallegan kant.

Ljúkið stykkini með því að prjóna aftur 10 umferðir garðaprjón. Fellið laust af og gangið frá endum.

Mynstur:

Tákn: Takið 1 l óprjónaða, prjónið næstu 1 og steypið svo óprjónuðu 1 yfir

Prjónið 2 l saman þannig að þær halli til hægri

Sláið upp á prjóninn

Prjónið slétt

Athugið að 3 ja umferð er lesin frá hægri til vinstri.

1.umferð: Prjónið allar 1 sléttar.

2.umferð: Prjónið allar 1 sléttar.

3.umferð:

4.umferð: Prjónið allar mynursturlykkjur brugnar.

Uppskrift: Póra Þórarinsdóttir.



Hannyrdabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



MÍMIR NEMENDAFÉLAG

MENNTASKÓLANS AÐ LAUGARVATNI



SÆLIR SUNNLENDINGAR!

Lífið hér í Menntaskólanum að Laugaryatni er svo sannarlega á uppleið. Þar sem sóttvörnum hafa verjö afleitt er hægt að koma félagslífinu aftur að almennan farveg og er mikil um að vera hjá nemendum nú til dags.

Leikritið Stella í Orlofi var sýnt dagana 17. – 19. febrúar og erum við mjög stolt af frammistöðunni í kringum leikritið. Mikil aðsókn var við leikritið og eru nemendur ánægdir með útkomuna. Þetta er frábær leiksýning sem gekk prýðilega vel.



Síðastliðinn föstudag hélt nemendafélagið Mímir ball fyrir nemendur skólans, í Úthlið. Mikil gleði var meðal nemenda að fá loksins að koma saman og skemmta sér.

Umsjón: Margrét Inga Ágústsdóttir
Jóhannes Torfason

LESTUR ÞARF AÐ FLJÓTA Í SAMFELLU

segir lestrarhesturinn Aldís Hafsteinsdóttir

Aldís Hafsteinsdóttir er fædd í Reykjavík árið 1964 en alin upp í Hveragerði frá tveggja ára aldri og býr þar enn. Hún gegnir stöðu bærjastjóra þar og þykir farsæl í starfi enda haldið þeiri stöðu frá árinu 2006. Aldís er stúdent frá MA og stundaði nám í Noregi og Danmörku í alþjóðastjórmálum og kerfisfræði og síðar nám í viðskiptafræðum við Háskólann á Akureyri. Hún er gift Lárusi Inga Friðfinnssyni og eiga þau fjögur börn.

Að þessu sinni ákvað LESTRARHESTURINN að brjóta upp hið hefðbundna form spurninga og svara og láta eintalið ráða.

Fólk fannst ég lesa of mikið

Þegar ég var lítl fannst fólkí ég lesa of mikið. Mér var í raun bannað að lesa bækur nema í hæfilegu magni. Á skólabókasafni Hveragerðisbæjar sem þá rúmaðist í tveimur bókavögnum á stigaskólinni í barnaskólanum mátti maður einungis fá fimm bækur á viku. Alls ekki meira! Á almenningsbókasafni Hvergerðinga sem þá var í bílskúr sem síðar hýsti fundarherbergi bæjarstjórnar við Hverahlíð mátti maður líka bara fá fimm bækur á viku. Fyrir lítinn lestrarhest sem vissi ekkert skemmtilegri en að sökkva sér í ævintýraheimi bókanna var þetta allt of lítið. En það þyddi ekkert að mögla. Svona voru reglurnar.

Engin persónuvernd í bókasöfnum bernsku minnar

Bókasöfn á þeim tíma voru dásamleg þó rýmið væri ekki stórt. Inni í hverri bók var miði þar sem fyrr lesendur höfðu kvittað fyrir lánið. Ég lærði mjög fljótt hverjir höfðu sama bókasimekk og ég. Ef ákveðinir aðilar voru búnir að lesa bókina samkvæmt miðanum þá var hún ábyggilega góð og hægt að nýta bókakvótann án þess að taka þá áhættu að bókin reyndist leiðinleg. Nýju persónuverndarlögini hafa alveg tekið fyrir að gagnlegar upplýsingar sem þessar geti lekið óumbeðið á milli lámpega bókasafna dagsins í dag. Kannski sem betur fer.

Heilsufræði húsmæðra var fróðlegur lestur

Ég fékk aldrei nóg af bókum á bókasöfnum bæjarins og því las ég meira og minna allt sem ég fann í hillum heimilisins. Margt af því sjálfsagt ekkert sérstaklega hollt ungum börnum. Ég las til dæmis mjög snemma allt sem ég fann um miðla og andleg málæfni, ferðabækur Peter Freuchen voru stórkostlegar, Fall Rómaveldis og Nýja testamentið var lesið frá upphafi til enda svo fátt eitt sé talið. Heilsufræði hú-



Þarf að vera fljót með bækur

Í dag hefur bóklestur minn því miður vikið að miklu leyti fyrir lestri ýmis konar gagna sem tengjast vinnunni. Mér finnst það ekki góð þróun því ég veit fátt betra en lestar og ég les hratt ef bókin er góð. Ef ég er lengi að lesa bók þá finnst mér ég þurfa að byrja upp á nýtt til að ná samhenginu almenningalega. Lestur þarf að fljóta í samfelli. Það hefur alltaf gert mér pínu-lítið erfitt fyrir því ég er gjörn að lesa fram á rauða nót og gleyma mér alveg.

Sögulegar skáldsögur eru bestar

Í dag finnst mér afar gaman að sögulegum skáldsögum og ekki síst þeim sem fjalla um lífsbaráttu forfeðra okkar hér á okkar harðbýla landi. Fyrir nokkrum árum leiddust mér ævisögur ákaflega mikið. Núna finnast mér margar ævisögur bæði fróðlegar og skemmtilegar. Þar minnist ég sérstaklega ævisagna Ragnars í Skátafell og sögu Elfríðar Pálsdóttur sem báðar lýsa heimi sem er horfinn og einstökum lifshlaupi alþýðufólks. Eyrún Ingadóttir skrifar góðar bækur



og bókin um Konuna sem elsk-aði fossinn heillaði mig. Stórvirk Guðjóns Friðrikssonar um Einar Benediktsson athafnaskáld er einstakt ritverk og Vesturfarabækur Böðvars Guðmundssonar ættu að vera skyldulesning öllum Íslendingum.

Góðir rithöfundar búa í Hveragerði

Hér í Hveragerði búa nú afar færir rithöfundar og ég reyni að fylgjast vel með því sem þeir eru að gera. Það er gaman að fylgjast með velgengni þessa hæfileikaríka fólks. Skegg Rasputíns eftir Guðrúnú Evu Mínervudóttur, sem tilnefnd var til Íslensku bókmenntaverðlaunanna er afar skemmtileg lesning ekki síst vegna þess að bókin gerist að hluta hér í Hveragerði. Það gerir einnig bókin á Milli trjáanna eftir Gyrði Elíasson sem hér bjó um tíma en sú bók hlaut bókmenna-verðlaun Norðurlandaráðs. Núna er stórgóð bók Elísbetar Jökulsdóttur, Aprílsólkarkuldi tilnefnd til þeirra sömu verðlauna en hún býr einnig hér í Hveragerði í hinni rótgrónu skálda og listamanna nýlendu Íslands.

Hillurnar eru fullar af bókum

Í dag liggur á náttborðinu skáld-sagan Sigurverkið eftir Arnald Indriðason. Einmitt söguleg skáldsaga eins og þær gerast bestar. Svo bíða míni fleiri góðar í röðum í hillunum mínum. Því enn safna ég bókum – þær verða allar lesnar við gött tækifæri þegar hægt er að vaka fram á rauða nótvið yndislestur eins og hann gerist bestur og enginn kemur og segir að ég megi bara lesa fimm bækur á viku. Ég hlakka til þegar af því verður.

Umsjón með Lestrarhesti hefur Jón Özur Snorrason.

Málþing um leikskólamál í Árborg.

Miðvikudaginn 30. mars nk. verður haldið málþing um málefni leikskóla í Árborg á Hótel Selfossi. Húsið opnað kl. 8:30 og stendur þingið frá kl. 9:00-16:00. Þar verða í boði fjölbreytt erindi frá fagfólkum um leikskólamál og ýmsum hagsmunum. Allir áhugasamir um málefni leikskólans eru hvattir til að fjölmenna og fá þátttakendur tækifæri til að koma skoðunum sínum á framfæri. Málþinginu verður einnig streymt. Dagskrá þingsins verður auglýst þegar nær dregur.

Vinnuhópur um leikskólamál í Árborg

Opnir fjölskyldutímar á Stokkseyri

Það gleður okkur að tilkynna að opnir fjölskyldutímar verða núna í boði á Stokkseyri

Í boði er frjáls íþróttatími þar sem allir ættu að finna hreyfingu/afþreyingu við hæfi. Tímarnir eru opnir öllum, endurgjaldslausir og engin skráning þörf

Tímarnir verða í íþróttahúsini á Stokkseyri frá kl 11-12:30 alla næstkomandi sunnudaga. Fyrsti tíminn er sunnudaginn 13. mars.

Tímarnir henta öllum aldurshópum en ekki er ætlast til þess að börn séu skilin ein aftir í salnum.

Hvetjum við alla stóra sem smáa til að mæta og hafa gaman saman.

Það verður aðili á staðnum sem er til aðstoðar í salnum.

Nánari upplýsingar veitir Ólöf, olofo11@live.is



Aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar 2022



Aðalsafnaðarfundur Selfosssóknar verður haldinn í safnaðarheimili Selfosskirkju þriðjudaginn 15. mars kl. 17:30.

Dagskrá aðalsafnaðarfundar:

Málefni sóknarinnar verða þar rædd, starfsskil og reikningsskil sóknarnefndar sem og verkefni og starf næsta starfsárs.

Dagskrá fundarins er með þessum hætti (sbr. Starf-reglur um sóknarnefndir www2.kirkjan.is/node/11364):

- Gerð grein fyrir starfsemi og rekstri sóknarinnar á liðnu starfsári.
- Afgreiðsla reikninga sóknar og kirkjugarðs fyrir sl. ár, ásamt fjárhagsáætlun næsta árs.
- Greint frá starfsemi héraðsnefndar og héraðsfundi.
- Ákvörðun um meiriháttar framkvæmdir og framtíðarskuldbindingar.
- Kosning sóknarnefndarmanna og jafnmargra varamanna til 4ra ára. (Kosning fellur niður)
- Kosning tveggja skoðunarmanna eða endurskoðanda sóknar og kirkjugarðs og varamanna þeirra til árs í senn.
- Önnur mál.

Sjá nánar www.selfosskirkja.is



Utankjörfundaratzkvæðagreiðsla

Utankjörfundaratzkvæðagreiðsla
Sjálfstæðisflokkssins í Árborg
fer fram að Austurvegi 9 Selfossi
alla virka daga milli kl 17-19.
Flokksmenn 15 ára og eldri með
lögheimili í Árborg geta kosið.

Kjörnefnd

Skannadu
QR-kóðann til að
ganga í flakinn



Auðlindin, atvinnu- og virknilausn

óskar eftir starfsmanni í hlutastarf



Auðlindin er skapandi atvinnu- og virknilausn á vegum félagsþjónustu Árborgar sem hefur það að markmiði að veita notendum einstaklingsmiðaða og félagslega nálgun þar sem einkunnarorð Auðlindar eru höfð að leiðarljósi - *virðing, virkni, velferð og von*.

Markmið starfseminnar er að efla getu og styrkja notendur frá aldrinum 16 ára til náms og/eða starfa. Lögð er áhersla á skapandi umhverfi þar sem unnið er með styrkleika og áhuga hvers og eins.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Virk þátttaka í þróun og skipulagi atvinnu- og virknilausnar.
- Að kenna notendum rétt vinnubrögð í skapandi umhverfi, vinna að liðsheild og valdeflingu út frá getu hvers og eins.
- Að efla getu notenda í lífi og starfi með því að styrkja eigin sjálfsmynnd, ákveðni og úthald.

Menntun og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hafa gott vald á verkviti og stjórnum
- Hafa líkamlegan getu til að taka þátt í þeim verkefnum sem unnið er hverju sinni.
- Reynsla að vinna með fólk og framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Skipulaghæfileikar og sjálfstæð vinnubrögð
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu
- Hreint sakavottorð

Um er að ræða **50% starfshlutfall** í dagvinnu með sveigjanlegum vinnutíma. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambandi Íslenskra sveitafélaga og viðeigandi stéttarfélags.

Umsóknarfrestur er til **20. mars n.k.**

Umsóknir með upplýsingum um menntun, starfsreynslu og umsagnaraðila skal berast hér á ráðningararv ef Árborgar.

Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspegl fjölbreytileika samfélagsins.

Nánari upplýsingar veitir Klara Öfjörð, verkefnastjóri Auðlindar, atvinnu- og virknilausnar, klara@arborg.is eða í síma 480 - 1989 Sækja þarf um stöðurnar á vef sveitarfélagsins, starf.arborg.is/storf/ Umsóknir gilda í 6 mánuði.

íþróttir

Efni sendist á dfs@dfs.is



Fyrsta HSK-mótið í Selfosshöllinni

FRJÁLSAR Aldursflokkamót HSK 11-14 ára í frjálsum íþróttum innanhúss fór fram í Selfosshöllinni dagana 1. og 2. mars sl. 55 keppendur frá fimm félögum mættu til leiks og tókst framkvæmdin með ágætum.

Á mótinu var keppt í 60 m hlaupi, 60 m grindahlaupi, hástökki, langstökki og kúluvarpi. Selfyssingar unnu flesta HSK meistaratitla eða 16 talsins, Dímon vann áttá, Þjórandi fimm og Garpur fjóra. Selfoss vann stigakeppni félaga með 241 stig, Þjórandi varð í öðru sæti með 148,5 stig og Dímon kom þar á eftir með 105,5 stig.

Heildarúrlit mótsins má sjá á www.fri.is.

Hæfileikamótun HSÍ

HANDBOLTI Sex Selfyssingar tóku þátt í Hæfileikamótun HSÍ sem fram fór um daginn, en þar æfa stelpur og strákar fædd 2008. Þetta voru þau Inga Dís Axelsdóttir, Brynhildur Ruth Sigurðardóttir, Jón Pórarinn Hreiðarsson, Hjálmar Vilhelm

Rúnarsson, Viktor Snær Ármannsson og Eyþór Ingvarsson.

Æfingarnar fóru fram í Kaplakrika og yfirþjálfari Hæfileikamótunar er Jón Gunnlaugur Viggósson.

Aftari röð frá vinstri: Inga Dís Axelsdóttir, Jón Pórarinn Hreiðarsson, Hjálmar Vilhelm Rúnarsson, Viktor Snær Ármannsson. Fremri röð frá vinstri: Brynhildur Ruth Sigurðardóttir, Eyþór Ingvarsson.



Íslandsmót í blaki á Hvolsvelli og Hellu

BLAK Helgina 26.-27. febrúar hélt blakdeild Dímonar-Heklu í samvinnu við Blaksambandi Íslands. Íslandsmót kvenna í blaki 2. umferð. Dímon-Hekla er með lið í 3. deild og var hún spiluð á Hellu og endaði liðið í 3. sæti. Úrslitakeppnin verður svo spiluð á Siglufirði helgina 26 - 27. mars.



Dímon-Hekla er líka með lið í 4. deild og var hún spiluð á Hvolsvelli og endaði liðið í 7. sæti og verður úrslitakeppnin spiluð á Akureyri sömu helgi. Í hvorri deild eru 12 lið það má því segja að það hafi verið líf og fjör í íþróttahúsunum þessa helgi í Rangárþingi en alls voru spilaðir 54 leikir.



Orku-, matvæla- og fæðuöryggi



orkumarkað Evrópu. Annars værum við að súpa sama kálið úr ausunni og önnur lönd álfunnar gera um þessar mundir. Við Íslendingar búum við stöðugt orkuverð og vonandi ber okkur gæfa til þess að svo verði áfram og endurnýjanleg orka nýtt til atvinnu- og verðmætaskópunar innanlands. Auðvelt er að taka þessari einstöku stöðu Íslands sem sjálfsögðum hlut og veita því litla athygli hve rík við erum af náttúrulegum auðlindum. Í því ljósi sem heimsmálin birtast okkur í dag eru orku- og auðlindir þjóðarinnar undirstaða sjálfstædi okkar.

Hver er sjálfum sér næstur.

En blíðan eftir Covid -19 var skammvinn. Það skal á strið. Aflieðingar Covid-19 og striðsins í Úkraínu á efnahagslíf heimsins er hörd áminning um okkar stöðu. Mikilvægi íslensks landbúnaðar er augljóst, nú sem aldrei fyrr í ljósi stöðu heimsmálanna í dag. Fæðu- og matvælaöryggi þjóðarinnar mun fyrst og fremst byggja á getu landbúnaðar, garðyrkjum og sjávarútvegs að tryggja þá stöðu. Við sáum það í Covid-19 faraldrinum að við getum ekki stólað á aðrar þjóðir með allar okkar nauðsynjar. Hver er sjálfum sér næstur þegar á reynir og það á líka við um Ísland.

Tryggjum eigið öryggi.

Fyrirséð er að striðið í Úkraínu mun hafa gríðarleg áhrif á orku kostnað um allan heim. Hröðun orkuskipta hefur því aldrei verið mikilvægarí en nú. Í ljósi að-

stæðna á heimsmarkaði er það algjört forgangsatrið að setja orkuskiptin í forgang og sjálfbærni Íslands fyrirrúm. Virkj-anakostir eru tilbúir í Þjórsá, Hvammsvirkjun bíður framkvæmdaleyfis og Holtavirkjun er í nýtingaflokki rammaætlunar. Það er mikilvægt að hraða þessum virkjanakostum ef við meinum eiththað með orkuskiptum í landinu. Við höfum ekki áður staðið frammi fyrir þeim augljósu kostum að nýta auðlindir okkar. Til að tryggja eigin öryggi og skapa störf og framleiða verðmæti sem undir stöðu velferðar í landinu.

Það er strið í Evrópu.

Um leið og við stöndum með bandamönnum okkar, styrkjum viðskipti víða um heim er aldrei mikilvægara að standa vörð um innlenda matvæla- og orkuframleiðslu. Það er strið í Evrópu, sem mögulega getur haft alvarlegar aflieðingar fyrir landbúnadárframleiðslu í álfunni. Sérstaða Íslands hefur aldrei verið augljósari. Það er dýrt fyrir fámenna þjóð að byggja stóra eyju. En það verður þjóðinni dýrkeyptara að standa ekki vörð um landbúnað í landinu, afkomu bænda og fólkssins í sveitinni. Það er aldrei mikilvægara en nú að við stöndum vörð um orku-, matvæla- og fæðuöryggi og yfirráð yfir endurnýjanlegum auðlindum okkar.

Það leiðir ávallt af sér sjálfstæði.

Ásmundur Friðriksson
alpingismaður.

Íslendingar hafa ekki farið varhluta af þeim áhrifum sem Covid-19 faraldurinn hafði á þjóðina og efnahagslegar afleiðingar sem honum fylgdu. Það var því vonarneisti í augum okkar þegar allar takmarkanir í samskiptum höfðu verið afnumdar og lífið að færast í eðlilegt horf. Við vorum bjartsýn að ráðast á innflutta verðbólgu sem vaðið hafði upp úr öllu valdi og skaðað afkomu heimila og þjóðfélagsins alls.

EKKI SÚPA SAMA KÁLIÐ.

Á sama tíma hefur jarðefnaeldsneyti, orkuverð og hverskonar hrávara og flutningskostnaður hækkað um allan heim. Nágrannalönd okkar berjast við háan orkukostnað sem sligar atvinnulífi og heimilin í Evrópu-löndum. Sameiginlegur orkumarkaður Evrópusbandsins nær ekki til markaðarins á Íslandi. Gæfa okkar er að Ísland er ekki tengt með sæstreng við

Tryggjum eigið öryggi.

Fyrirséð er að striðið í Úkraínu mun hafa gríðarleg áhrif á orku kostnað um allan heim. Hröðun orkuskipta hefur því aldrei verið mikilvægarí en nú. Í ljósi að-

endum eru 7 konur og 11 karlar með fjölbreyttan bakgrunn og reynslu. Pátttaka í prófkjörinu er óvenju góð en kosið verður um 7 efstu sætin.

Frambjóðendur eru eftirfarandi í stafrófsröð:

- Anna Linda Sigurðardóttir, deildarstjóri
- Ari Björn Thorarensen, fangavörður og bæjarfulltrúi
- Björg Agnarsdóttir, bókari
- Bragi Bjarnason, deildarstjóri
- Brynhildur Jónsdóttir, forstöðuþroskaþjálfí
- Fjóla St. Kristinsdóttir, sjálfstætt starfandi kennari og ráðgjafi
- Gísli Rúnar Gíslason, húsasmíðanemi
- Guðmundur Ármann Pétursson, framkvæmdastjóri
- Gunnar Egilsson, framkvæmdastjóri
- Helga Lind Pálsdóttir, félagsráðgjafi
- Jóhann Jónsson, framkvæmdastjóri
- Kjartan Björnsson, rakari
- Magnús Gíslason, raffræðingur
- María Markovic, hönnuður og kennari
- Ólafur Ibsen Tómasson, sölumaður og slökkviliðsmaður
- Sveinn Ægir Birgisson, námsmaður og varabæjarfulltrúi
- Viðar Arason, öryggisfulltrúi
- Pórildur Dröfn Ingvadóttir, dagforeldri leikskólaliði

Hægt er að kynna sér einstaka frambjóðendur inná www.xd.is/arborg/

Allar nánari upplýsingar veitir Ólafur Hafsteinn Jónsson, formaður kjörnefndar í síma 896-5793.



Lausar stöður í leikskólanum Goðheimum á Selfossi

Leikskólinn Goðheimar er nýr sex deilda leikskóli á Selfossi. Unnið er að innleiðingu á Heilsueflandi leikskóla og Grænfánaverkefninu Skólar á grænni grein. Hér er tækifæri til að taka þátt í móton skólans og hafa fagleg áhrif á þróun hans.

Deildarstjóri óskast til starfa um er að ræða 100% stöðu.

Leikskólakennrar óskast til starfa.

Ráðið verður í stöðurnar frá 1. apríl 2022 eða eftir nánari samkomulagi.

Nánari upplýsingar um störfin eru á heimasíðu Árborgar undir <http://starf.arborg.is>

Umsóknarfrestur er til 17. mars 2022. Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands Íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi stéttarfélags. Vakin er athygli á stefnu Árborgar að jafna hlutfall kynjanna í störfum og að vinnustaðir endurspeglji fjölbreytileika samfélagsins.

Eingöngu er hægt að sækja um störfin inn á ráðningarárvef sveitarfélagsins starf.arborg.is. Umsóknum fylgi leyfisbréf, yfirlit yfir nám, fyrri störf og rökstuðningur fyrir hæfni í starfi.

Allar umsóknir gilda í 6. mánuði.

Nánari upplýsingar um störfin veita:
Sigríður Birna Birgisdóttir, leikskólastjóri
sími 480-6301, godeimar@arborg.is
Anna Gína Aagestad, aðstoðarleikskólastjóri
sími 480-6302, godeimar@arborg.is



Vímuefnafraðsla fyrir foreldra

Vímuefnafraðslan VELDU fer í 8.-9. og 10. bekk í Árborg á næstu vikum. Nánar um fræðsluna þeirra á www.heilsulausnir.is/veldu

Sveitarfélagið Árborg býður foreldrum einnig upp á fræðslu.

Í foreldrafraðslunni er lagt upp með að hvetja til umræðu á heimilinu um vímuefni, hvaða einkennum og hegðun er gott að fylgjast með og hvað að gera ef grunur um neyslu vaknar. Einnig er farið yfir hluta af fræðslunni sem unglingsarnir fengu og rætt um hvaða þeirra fræðsla snerist um.

Við hvetjum alla foreldra til að fylgjast með, hvort sem þið eigið börn í leik- eða grunnskóla því forvarnir geta aldrei byrjað of snemma.

Við hvetjum sérstaklega starfsfólk skólanna til að horfa en það skiptir öllu máli að halda þessari umræðu gangandi eftir að fræðslan er búin, bæði í skóla og á heimili.

Tengil á viðburðinn má finna inn á <https://www.heilsulausnir.is/arborg> en það opnar fyrir fræðsluna kl. 18 þann 15. mars og er opið í two sólarhringa. Einnig hægt að finna viðburðinn á facebook undir „Vímuefnafraðsla fyrir foreldra“.

FUNDIR

KRABBAMEINSFÉLAG ÁRNESSÝSLU
Símatími alla virka daga frá kl. 13:00 til kl. 16:00 sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum kl. 20:00, nýliðafundur kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur í einu. Laugardagsmorgnum kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 19 - PPG opinn fundur
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að borða? OA 12 spora fundir Overeaters Anonymus alla þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu, Mánamörk 1, Hveragerði, efri hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

FÉLAGSSTÖRF



OPIÐ HÚS

Fimmtudag 10. mars fara Örlygur Karlsson og Þórarinn Ingólfsson yfir 40 ára starf Fjölbautaskóla Suðurlands í mál og myndum. Kaffi og meðlæti kl 14:45

SKRIFSTOFA FEBSEL
er opin eftir hádegi á fimmtudögum.

HEISUEFLING 60+
í Selfosshöllinni þriðjudaga og fimmtudaga kl. 9:30 og 10:30.

Minnum á heimasíðu félagsins og Facebook.

FUNDIR

ÞJÓNUSTA

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122
Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

A.O. VERKTAKAR

Nýsmíði, endurbætur og viðgerðir.

Alhliða byggingaþjónusta.

Sími 761 8055
aovertkt@gmail.com

KJARNA BÓKHALL
Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.
Austurvegur 6 - 800 Selfossi
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddy ehf.

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

Bókhald - ráðgjöf skattskil

Þjónusta við einstaklinga og fyrirtæki

Persónuleg þjónusta

FUNDIR

Vöflukaffi

Vöflukaffi verður nk. laugardag á milli kl. 11 og 12 á Eyravegi 15, Selfossi. Morgunstund gefur gull í mund. Allir velkomnir!

Til leigu

Herbergi til leigu
Til leigu í Hveragerði herbergi búið húsgónum í einbýlishúsi á 45 þús/mán. Aðgangur að eldhúsi, baði, þvottavél o.fl. upplýsingar í síma 866 1786

BÍLAR



Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

Yfirbyggingar - Réttigar
Bílamálun - Rúðuskipti

KIETTUR

Bifreiðaverkstæði
Sími 482 4012, Hrismýri 3, Selfossi

Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og almennar bílaviðgerðir.

H
HEKLA
Hjólastillingar
Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069

KIRKJUR

Aðventistar

Safnaðarheimili aðventista, Eyravegi 67, Selfossi, 12. mars. Biblíulexiur kl. 11 í höndum Elíasar Theódórssonar, umfjöllunar-efnið er Hebreabréfið og guðsbjónusta kl. 12, með ræðu hefur Gavin Anthony. Verið velkomin.

Skálholtsdómkirkja

Föstumessu sunnudaginn 13. mars kl. 11. Þemað er trúbaráttan. Beðið fyrir Úkraínu. Verið öll velkomin. Organisti Jón Bjarnason. Prestur sr. Kristján Björnsson, vigsłubiskup.

Víkurkirkja

Guðsbjónusta sunnudaginn 13. kl. 14. Prestsbjónusta sr. Axel Árnason Njarðvík. Organisti Brian R. Haroldsson. Kirkjukór leiðir söng. Verið velkomin.

Árborgarprestakall

Dagana 12.-13. mars vísiterar biskup Íslands Agnes M. Sigurðardóttir Árborgarprestakall af því tiltefni verða helgistundir í kirkjunum þar sem kirkjukórarnir syngja, biskup þjónar fyrir altari ásamt prestum prestkallsins. Stundirnar erum öllum opnar.

Gaulverjabækjarkirkja

Helgistund laugardaginn 12. mars kl. 11:00.

Villingaholtskirkja

Helgistund laugardaginn 12. mars kl. 13:30

Hraungerðiskirkja

Helgistund laugardaginn 12. mars kl. 15:30

Laugardælakirkja

Helgistund laugardaginn 12. mars kl. 17:00

Selfosskirkja

Messa sunnudaginn 13. mars kl. 11:00. Sunnudagaskóli á sama tíma kl. 11:00.

Eyrarbakkakirkja

Helgistund sunnudaginn 13. mars kl. 14:30

Stokkseyrarkirkja

Helgistund sunnudaginn 13. mars kl. 16:30



Náum jafnvægi

Sérhæfð endurhæfing á vegum Krabbameinsfélags Árnessýslu er ný þjónusta í brún, á Suðurlandi sem félagsið leggur metnað sinn í að bjóða félagsmönnum sínum uppá. Markmiðið er að byggja upp andlega, líkamlega og félagslega þætti með því að bjóða uppá úrræði sem sporna gegn síðubúnum kvillum í kjölfar krabbameinsgreiningar og meðferðar.

Sérhæfð endurhæfing sem þessi hefur hingað til ekki verið í boði á Suðurlandi og hefur fólk burft að sækja þá þjónustu til Reykjavíkur ef þeir hafa óskað eftir. Rannsóknir sýna að einstaklingar eru að glíma við síðubúna kvilla í mörg ár að lokinni krabbameinsmeðferð og margir áttu sig ekki á því fyrr en það hefur tekist á við lífið af hörkunni í of langan tíma.

Endurhæfingin fer fram fjórum sinnum í viku og skiptist í líkamlega hreyfingu, fræðslu



Elskuleg eiginkona, mamma, tengdamamma og amma,

Lilja Hjelm

Frá Ólafsvík, til heimilis að Löngumýri 12b, Selfossi



Lést í faðmi fjölskyldunnar á Heilbrigðisstofnun Suðurlands þann 27. febrúar. Útför hennar verður gerð frá Selfosskirkju föstudaginn 11. mars kl 14.

Jóhannes Óli Kjartansson
Bergþór Kristinn Jóhannesson
Jón Þróstur Jóhannesson Anna Sigurlína Tómasdóttir
Sigurlaug Jóhannesdóttir Daði Hrafn Sveinbjarnarson barnabörn.

VÖFFLUKAFFI

Kæru vinir og félagar, við hjónin verðum ekki með umsjón vöfflucaffisins lengur og ljúkum þeirri vegferð núna. Við byrjuðum árið 2015 og þessi viðburður hefur gefið okkur mikið - við viljum þakka öllum þeim gestum sem tóku þátt í þessu með okkur og kunnum þeim beztu þakkir fyrir samveruna. Lifið heil!

Vilhjálmur Sörli og Fjóla.

Sjálfstæðisfélögin í Árborg bjóða til samtals um bæjarstjórnarmál.

Sjálfstæðisfélögin í Árborg halda fundi með frambjóðendum í prófkjöri Sjálfstæðismanna sem haldið verður laugardaginn 19. mars nk.

Fundirnir fara fram á eftirfarandi stöðum kl. 20:00:

Sandvíkurhreppur, 10. mars - Norðurgata 3 í Tjarnarbyggð

Eyrarbakki, 14. mars - Samkomuhúsið Staður

Stokkseyri, 16. mars - Íþróttahúsið

Selfoss, 17. mars - Vallaskóli gengið inn um aðalinngang

ALLIR VELKOMNIR

Fylgstu með: www.facebook.com/xdarborg

AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL



Ásahreppur, Bláskógbabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Samkvæmt 36. gr. skipulagslag nr. 123/2010 er hér kynnt niðurstaða sveitarstjórnar vegna óverulegra breytinga á aðalskipulagi:

1. Klif L167134; Skilgreining landsvæðis; Aðalskipulagsbreyting - 2201035

Sveitarstjórn Bláskógbabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 óverulega breytingu á aðalskipulagi Bláskógbabyggðar. Í breytingunni felst að jörðin Klif L167134 er skilgreind sem landbúnaðarsvæði í stað frístundasvæðis.

2. Reykholt; Hreinsistöð; Aðalskipulagsbreyting - 2202018

Sveitarstjórn Bláskógbabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 óverulega breytingu á aðalskipulagi Bláskógbabyggðar. Í breytingunni felst færsla á reit fyrir hreinsivirkir fráveitu að Reykholti, með því að skilgreindur verði reitur l24, en jafnframt falli út reitur l10 sem er reitur fyrir hreinsivirkir samkvæmt nágildandi aðalskipulagi.

Samkvæmt 30. gr. skipulagslag nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslysinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

3. Bergstaðir L167201; Úr frístundasvæði í landbúnaðarsvæði; Stækken frístundareits F84; Aðalskipulagsbreyting - 2108054 / 2108051

Sveitarstjórn Bláskógbabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 að kynna tillögur aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Bergstaða L167201 og Bergstaða 167202. Innan tillögunnar er gert ráð fyrir breytti afmörkun frístundasvæðis (F84). Annars vegar er um að ræða stækken, samtals um rúma 6 ha, í landi Bergstaða L167202 og hins vegar er um að ræða breytta landnotkun um 12 ha frístundasvæðis í landi Bergstaða 167201, sem verður landbúnaðarland að breytingu lokinni.

4. Einiholt 1 land 1 L217088; Úr landbúnaðarsvæði í verslun- og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting - 2110061

Sveitarstjórn Bláskógbabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 að kynna tillögur aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Einiholts 1, lands 1. Í breytingunni felst breytt landnotkun landbúnaðarsvæðis í verslunar- og þjónustusvæði.

5. Miðhús II L166580; Landbúnaðarsvæði í frístundasvæði; Aðalskipulagsbreyting - 2101012

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. mars 2022 að kynna tillögur aðalskipulagsbreytingar sem tekur til Miðhúsa II, L166580. Í tillögunni felst breytt afmörkun og minnkun á frístundabyggð F39. Svæðið neðan vegar minnkar sem nemur um 10 ha en svæðið ofan vegar stækkar sem nemur um 5 ha.

Samkvæmt 31. gr. skipulagslag nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur aðalskipulagsbreytinga eftirfarandi skipulagsáætlana:

6. Endurskoðun aðalskipulags Ásahrepps 2020-2032 - 2002038.

Hreppsnefnd Ásahrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. febrúar 2022 að auglýsa tillögur að nýju aðalskipulagi Ásahrepps 2020-2032. Innan aðalskipulags er lögð fram stefna sveitarstjórnar um landnotkun, byggðaþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu á skipulagstímanum. Við gildistöku nýs aðalskipulags mun gildandi aðalskipulagi ásamt síðari breytingum falla úr gildi. Með nýrri aðalskipulagsáætlun er lögð fram skipulagsgreinargerð, sveitarfélagsuppdráttur ásamt uppdrætti sem tekur til afréttar sveitarfélagsins. Að auki er lögð fram forsendu og umhverfisskýrsla, flokkun á landbúnaðarlandi, skilgreining landbúnaðarsvæða L1-L3 aust uppdráttu sen taka til verndarsvæða, vega í náttúru Íslands, vistgerða og minja samkvæmt aðalskráningu fornminja. Skipulagsstofnun samþykkti málid til auglýsingar með afgreiðslu sinni þann 1.3.2022 með nokkum athugasemendum. Brugðist hefur verið við athugasemendum innan auglýstra gagna. Afgreiðsla Skipulagsstofnunar fylgir auglýsingu aðalskipulagsáætlunar.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslag nr. 123/2010 eru hér kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

7. Bergstaðir L167060; Kringlubraut 1 og 3; Skilgreining lóða; Deiliskipulag - 2201066

Sveitarstjórn Bláskógbabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 að kynna tillögur deiliskipulagsáætlunar sem tekur til Bergstaða, L167060. Í deiliskipulaginu felst skilgreining lóða og byggingarheimilda á lóðum Kringlubraut 1 og 3.

8. Eyvindartunga: Frístundabyggð neðan Laugarvatnsvegar; Deiliskipulag - 1706048

Sveitarstjórn Bláskógbabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 að kynna tillögur deiliskipulagsáætlunar sem tekur til svæða sem eru skilgreind sem F23 og F24 innan aðalskipulags Bláskógbabyggðar, þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir allt að 60 frístundalóðum. Markmið deiliskipulagsins er m.a. að ákváða lóðamörk, byggingarmagn og nýtingarhlutfall innan svæðisins aust sem gert er grein fyrir aðkomu og veitum.

9. Strengur veiðihús L166685; Skarð 1 og Skarð 2; Deiliskipulag - 2202036

Sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 2. mars 2022 að kynna tillögur deiliskipulagsáætlunar sem tekur til veiðihúss á eyrum Stóru-Laxá. Í deiliskipulaginu felst að heimilt verði að byggja veiðihús allt að 400 m² á einni hæð. Auk þess er heimilt viðhald og stækken númerandi húss um allt að 30 m².

10. Hlíð spilda 1 L221538; Frístundasvæði; Endurskoðaða deiliskipulag - 2008063

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. mars 2022 að kynna tillögur deiliskipulagsáætlunar sem tekur til frístundasvæðis að Hlíð spilda 1, L221538. Deiliskipulagið tekur til skiptingu landsins, skilgreiningu byggingarreita og byggingarheimilda innan svæðisins. Við gildistöku skipulagsins fellur númerandi deiliskipulags svæðisins úr gildi.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslag nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlana:

11. Álfhóll L210521; 25 hektarar; Deiliskipulag - 2111047

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. febrúar 2022 að auglýsa deiliskipulagsáætlun sem tekur til lands Álfhólls, L210521. Innan deiliskipulagsins eru m.a. skilgreindir tvær byggingarreitir ásamt byggingarheimildum fyrir íbúðarhús, tvö minni hús allt að 60 m², fjölnotháhus tengt atvinnurekstri allt að 600 m² auk skemmu/skýlis í tengslum við skógrækt.

12. HulduLand L180194; Efri-Reykja; Deiliskipulag - 2202006

Sveitarstjórn Bláskógbabyggðar samþykkti á fundi sínum þann 17. febrúar 2022 að auglýsa tillögur deiliskipulagsáætlunar sem tekur til HulduLand, L180194 í landi Efri-Reykja. Skipulagstillagan gerir ráð fyrir tveimur byggingarreitum á lóðinni B1 og B2. Innan B1 verður heimilt að byggja íbúðarhús og gestahús auk geymsluhúss eða skemmu. Á B2 verður heimilt að byggja útihús, svo sem tækjaskemmu eða fjárhús. Samhliða er gert ráð fyrir breytingu á aðkomu.

13. Vatnsbrekka 1 L199296; Skipting lóðar; Deiliskipulag - 2201076

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 16. febrúar 2022 að auglýsa tillögur deiliskipulagsáætlun sem tekur til Vatnsbrekku 1, L199296. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir að landinu verði skipt upp í fjórar jafnstórar lóðir sem verða um 21.750 fm hver. Ein lóðanna er þegar byggð og á henni er sumarþústaður (93,3 fm) byggður 2007 og geymsla (12,4 fm) byggð 2007. Heimilt er að reisa geymslu, svefnhus eða gróðurhús innan byggingarreits, þó ekki stærri en 40 fm.

14. Öndverðarnes 2 lóð (Laxabakki) L170095; Safn, ferða- og þjónustuhús; Deiliskipulag - 2107038

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundi sínum þann 19. janúar 2022 að auglýsa tillögur deiliskipulagsáætlunar sem tekur til Öndverðarnes 2 lóð (Laxabakki) L170095. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarreits og byggingarheimilda þar sem gert er ráð fyrir heimild fyrir uppbyggingu þjónustu- og aðstöðuhúss sem ætlað er að þjóna þeiri starfsemi sem fyrirhuguð er á lóðinni.

15. Ásgarður; Kerlingarfjöll; Deiliskipulag - 2110077

Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundi sínum þann 3. mars 2022 að auglýsa tillögur deiliskipulagsáætlunar sem tekur til lóðar Ásgarðs í Kerlingarfjöllum. Meginmarkmið nýs deiliskipulags er að sniða ramma utan um ferðapjónustu Fannborgar í Kerlingarfjöllum og tryggja þróun hennar til framtíðar í sátt við einstaka náttúru. Markmiðin eru þau sömu og markmið gildandi deiliskipulags en útfærð nánar fyrir svæði Fannborgar. Í þeim felst að bæta þjónustu við ferðamenn og auðvelda þeim sem sækja svæðið að njóta útvistar og náttúrfars án þess að valda róskun eða tjóni á lífríki svæðisins. Að hugað verði sérstaklega að gönguleiðum innan svæðisins og þær tengdar við leiðir sem liggja fyrir utan skipulagsmörkin. Að bæta gistiðstöðu og bjóða fjölbreyttu gistingu til að koma til móts við ólkar óskir ferðalanga. Að nýta og gera heilsteyptar það svæði sem þegar hefur verið tekið til ráðstöfunar.

16. Flatir Réttarholt; Stækken frístundasvæðis F27; Deiliskipulagsbreyting - 2005080

Sveitarstjórn Skeiðs- og Gnúpverjahrepps samþykkti á fundi sínum þann 9. febrúar 2022 að auglýsa deiliskipulagsbreytingu sem tekur til frístundasvæðisins að Flötum í landi Réttarholts merk F27 á aðalskipulagi. Í breytingunni felst stækken skipulagssvæðisins og fjölgun lóða innan þess. Staðsetning á leik- og opnu svæði er breytt og skilgreind gönguleið. Skilmálar skipulagsins eru uppfærðir í heild sinni eftir breytingu þar sem m.a. er skilgreint nýtingarhlutfall lóða og byggingarheimildir.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatn á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefsloðinni www.utu.is. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: www.asahrepur.is, www.blaskogabyggd.is, www.fludir.is, www.gogg.is og www.skeidgnup.is.

Mál nr. 3-5 og 7-10 innan auglýsingar eru skipulagsmál í kynningu frá 9. mars 2022 til og með 31. mars 2022.

Mál nr. 6 og 11-16 innan auglýsingar eru auglýst frá 9. mars 2022 til og með 21. apríl 2022.

Athugasemendum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatn eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is

